


REIÐVEGANEFND Í KJALARNES ÞINGI HINU FORNA

Bæjarráð Grindavíkur
formaður Hallgrímur Bogason
Víkurbraut 62
240 Grindavík



Kópavogi 17.04.2001

Efni:

Reiðvegur meðfram Suðurstrandarvegi.

Hestamannafélögin á höfuðborgarsvæðinu ásamt hestamannafélaginu Mána í Reykjanesbæ, mynda með sér sameiginlega reiðveganefnd sem er skipuð einum fulltrúa frá hverju hinna sjö hestamannafélaga sem að þessu samstarfi standa. Reiðveganefnd sem við gjarnan köllum reiðveganefnd í **Kjalarnesþingi hinu forna**, og nær umdæmið, allt frá Hvalfjarðarbotni að Reykjanesstá og að sýslumörkum Árnessýslu.

Nú þegar ákveðið er að hefja framkvæmdir við Suðurstrandarveg og leggja hann bundnu slitlagi, fer undirritaður þess á leit við yður fyrir hönd ofangreindra hestamannafélaga að reiðvegur verði settur á skipulag innan þess svæðis er lýtur lögsögu Grindavíkur, eða frá Grindavík og að sýslumörkum Árnessýslu

Það hefur færst mjög í vöxt að hestamenn af höfuðborgarsvæðinu og af Reykjanesi fari þessa leið, eða um Selvog og á Óseyrarbrú, á leið sinni með hesta í sumarhaga, eða eru á ferðalögum um þetta svæði að sumarlagi.


Æskilegt væri að akvegurinn sem nú er, yrði sýndur á skipulagi sem reiðvegur, þar sem hann skarast ekki við hinn nýja Suðurstrandarveg.

Að sögn umdæmisstjóra Vegagerðarinnar í Reykjanesumdæmi er ekkert því til fyrirstöðu að núverandi akvegur verði notaður sem reiðgata, en skilyrði er að hann sé sýndur sem slíkur á skipulagi viðkomandi sveitarfélags. Með von um góðar undirtektir af yðar hálfu.

Erindi sama efnis eru send bæjarráði Hafnarfjarðar og sveitastjórn Ölfus. Hjálagt er einnig erindi til skipulagsyfirvalda í Garðabæ, Bessastaðahreppi og Hafnarfirði, vegna skipulagsvinnu í Slysadölum, Leirdal, Undirhlíðum og víðar.

Virðingarfyllst

f.h. reiðveganefndar í Kjalarnesþingi hinu forna


Halldór H. Halldórsson
formaður reiðveganefndar.



LANDMÓTUN

Vegagerðin Suðurlandi
Steingrímur Ingvarsson
Breiðumýri 2,
800 Selfoss

Kópavogi 19. apríl 2002

Efni; Reiðleiðir í Ölfusi

VEGAGERÐIN	
Suðurland	
Mótt.	24 APR. 2002
Skjalalykill	409 rei
Málsnr.	2002040056

Sæll Steingrímur

Sendi hér yfirlitsupprátt af Ölfusi, þar sem fram koma hugmyndir að reiðleiðum og staðsetning undirganga á svæðinu ásamt lauslegri leiðarlýsingu. Ég ætla að biðja ykkur um að skoða þetta með opnum huga, en skáletraði textinn eru hugleiðingar varðandi málið og nauðsyn þess að gera undirgöng.

Hrossa eign í sveitarfélaginu hefur aukist mjög á síðastliðnum áratug og fer þeim stöðugt fjölgandi sem stunda hestamennsku á svæðinu. Atvinnustarfsemi í tengslum við hestamennsku hefur einnig aukist mjög og má gera ráð fyrir enn frekari aukningu í tengslum við ferðaþjónustu í framtíðinni og er það eitt af markmiðum sveitarfélagsins að mæta þessum þörfum. Í tengslum við vinnu við Aðalskipulag Ölfuss hafa verið settar fram hugmyndir að reiðleiðum í sveitarfélaginu. Reiðleiðum er skipt upp í megin reiðleiðir og aðrar reiðleiðir.

Helsu markmið með megin reiðleiðum er að;

- Auka öryggi bæði akandi og ríðandi umferðar
- Flytja reiðvegi frá þjóðvegum
- Auðvelda "gegnumstreymi" hestamanna í gengnum sveitarfélagið
- Auðvelda aðgengi að útmörk og öðrum reiðleiðum innan svæðisins
- Auðvelda þeim sem stunda hestamennsku í atvinnuskyni að fara um svæðið
- Tengja saman hesthúshverfi innan svæðisins

Tillögurnar hafa verið settar fram í samvinnu við hestamenn og fulltrúa hestamannafélaganna á svæðinu, en tekið skal fram að enn sem komið er eru þessar tillögur á hugmynda- og vinnslustigi.

Reykjavík –Ölfus-Grafningur

Megin reiðleið frá Reykjavík liggur eftir gamla Suðurlandsveginum, reiðleiðin kemur inn í sveitarfélagið norðan Víflilfells. Reiðleiðin þverar Suðurlandsveg á móts við Litlu Kaffistofuna. Frá Litlu Kaffistofunni liggur leiðin eftir gamla Suðurlandsveginum að Kolviðarhól og þaðan yfir Hellisskarð, síðan milli hrauns og hlíðar, yfir Litla Skarðsmýrarfjall meðfram Hengladalsá og í undirgöngum yfir á gamla þjóðvegin niður Kambana. (Þessi undirgöng nýtast einnig göngufólki bæði sumar, sem vetur til útivistar s.s. göngu og skíðagöngu.) Áfram á mörkum sveitarfélaganna að Þorlákshafnarvegi, síðan eftir aðkomu veginum að Vorsabæ og þaðan niður að Varmá. (nánari staðsetning verði unnin í samvinnu við skipulagsyfyrvöld í Hveragerði. Við Varmá er mikilvægt að skoða möguleika á undirgöngum eða hvort mögulegt sé að koma reiðleiðinni undir brúna með einhverjum sértaekum aðgerðum. "Undirgöng" á þessu svæði myndi einnig hafa jákvæð áhrif fyrir alla aðra útívít á svæðinu og, auðvelda göngufólki aðgengi niður að Ölfusforum.)

Hér greinist megin leiðin annarsvegar norður fyrir suðurlandsveg og hinsvegar áfram austur að Árbæjarhverfi.

Leiðin liggur meðfram Varmá og upp með Ölfusborgum að Sogni, Hvammsvegi og síðan eftir línuvegi yfir í Grafninginn og /eða austur fyrir Ölfusborgir og áfram til vesturs í



LANDMÓTUN.

gegnum land Garðyrkjuskólans að Reykjum, þaðan upp með Varmá og yfir ána á móts við hesthúsahverfi hestamannafélagsins Ljúfs. *(Ath. ekki er þúið að leysa legu reiðleiðar í gengum land Garðyrkjuskólans en þar er í dag gömul þjóðleið sem er mikið nýtt af göngufólki. Á þessu svæði eru nauðsynlegt að gera ráð fyrir bæði reiðleið og gönguleið. Fyrirhugað er að funda með forsvarsmönnum garðyrkjuskólans vegna þessu máls.)*

Frá Varmá liggur leiðin áfram austur á landamörkum Vallar og Kross, yfir Sandá á móts við Grænhól og meðfram skurðbökkum að Grænhól. Gert er ráð fyrir að reiðleiðin fari á um 1 km kafla eftir veginum að Auðsholtshjáleigu og síðan í jaðri Másteinsholts og Litlaárholts að Bræðrabóli og Kirkjuferjuhjáleigu. Með jarðarmörkum Hvals og Kirkjuferjuhjáleigu, um Arnartanga að Þórustöðum og þaðan í Árbæjarhverfi. Frá Þórustöðum eftir veginum í átt að Kjari og með undirgöngum undir Suðurlandsveg tengist reiðleiðin gömlu þjóðleiðinni undir Ingólfsfjalli. *(Á þessu svæði er nauðsynlegt að skoða möguleika á undirgöngum til að tengja Árbæjarhverfið við aðrar meginleiðir og útmörkina, jafnframt sem undirgöng á þessu svæði gefu aukinn möguleika á skemmtilegum hring sem nota mætti bæði til frístundaiðkunnar og í atvinnuskini.)*

Hveragerði-Þorlákshöfn-Selvogur- Suðurnes

Milli Hveragerðis og Þorlákshafnar er gert ráð fyrir megin reiðleið samsíða þjóðveginum að gamla Þorlákshafnarvegi, þaðan liggur leiðin áfram eftir gamla veginum úti í Selvog, um Hlíðardalsvatn og tengist þar Krísvíkurvegi. Við gatnamót gamla Þorlákshafnarvegur liggur reiðleiðin eftir gamla veginum að Þorlákshöfn og síðan norðan og vestan við byggðina að Hesthúsahverfi Háfeta, hestamannafélagsins í Þorlákshöfn. Megin reiðleið liggur síðan eftir ströndinni frá Hesthúsahverfi Háfeta út í Selvog og tegist síðan gamla veginum með undirgöngum undir Suðurstrandarveg. Við þetta skapast skemmtileg hringleið meðfram ströndinni að Selvoginum og eftir gamla veginum að Þorlákshöfn. Þessi leið fer einnig um Hlíðardalsvatn og tengist síðan Krísvíkurvegi og er ein aðal leið Suðurnesjamanna með hesta í sumarhaga. *(Við hönnun Suðurstrandarvegs þarf að athuga þann möguleika á að gera reiðgöng undir Suðurstrandarveg norðan við byggðina í Þorlákshöfn sem gæti þjónað bæði gangandi og ridandi umferð. Göng á þessum stað myndi tryggja öryggi gangandi, ridandi og hjólandi um svæðið og tengist vel þeim hugmyndum sveitarfélagsins um uppbyggingu ferðaþjónustu og útivistar í landi Hlíðarenda. Einnig er æskilegt að gerð verði göng undir Suðurstrandarveg norðan við Selvoginn. Göng á þessum stöðum myndu gera það að verkum að ein megin reiðleiðin frá Hesthúsahverfi Þorlákshafnar væri alveg laus við umferð bíla og mun það vafalítið auka vinsældir þessara leiðar bæði til frístundaiðkunnar sem og í atvinnuskini..*

Eyrbakki – Þorlákshöfn

Frá hesthúsahverfi á Eyrbakka meðfram þjóðvegi fram á brúna. Riðið meðfram þjóðvegi 34 u.þ.b. 2 km, þá beygt til suðurs og fjaran riðin. Annars ef er háflóð – misgott. Heildarvegalengd 17 km sébyggður 3 km, slóði 14 km.

Gott væri ef við gætum farið yfir þetta mál nú á vordögum.

Bestu kveðjur

Aðalheiður E. Kristjánsdóttir

Aðalheiður E. Kristjánsdóttir landslagsarkitekt FÍLA

Afrit sendt Sesselju Jónsdóttur, bæjarstjóra

Grindavíkurbær



Vegagerðin
Hr. Jónas Snæbjörnsson umdæmisstjóri
Borgartúni 5 – 7
150 Reykjavík



Suturstr. v.

04.05.01

EFNI: VEGUR FYRIR ÚTIVISTARFÓLK MED SUÐURSTRANDARVEGL

Bæjarráði Grindavíkur hefur borist meðfylgjandi erindi frá Reiðveganefnd Kjalarnesþings. Bæjarráð fjallaði um erindið á fundi sínum 02.05.01 og telur sjálfsagt að eldri vegur verði nýttur til umferðar fyrir útivistarfólk eftir því sem við verður komið. Bæjarstjóra var falið að koma þessu sjónarmiði á framfæri við Vegagerðina.

Afrit af bréfi þessu verður sent til Vinnustofunnar Þverá, sem nú vinnur að gerð nýs aðalskipulags fyrir Grindavík.

Með bestu kveðju



Hjál.: Bréf Reiðveganefndar Kjalarnesþings.

Afrit: Frú Valdís Bjarnadóttir, Vinnustofunni Þverá